# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

**Fundargerð**

**22. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, Miðvikudaginn 10. janúar. 2008, kl. 13.00.**

Mætt voru: Þorgils Torfi Jónsson, oddviti, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, varaoddviti, Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjóla Guðnadóttir, Ólafur Elvar Júlíusson, Kjartan Magnússon og Guðfinna Þorvaldsdóttir. Að auki sátu fundinn Örn Þórðarson, sveitarstjóri, og Indriði Indriðason, fjármálastjóri, sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.
Oddviti bar upp tillögu um viðbætur á dagskrá, inn koma liðir 1.7. Skipulagsnefnd og liður 2.2., Bakkakot I og II og liður 2.3. Litli Klofi. Samþykkt samhljóða.

1. **Fundargerðir til staðfestingar eða kynningar:**

1.1. Héraðsnefnd Rangæinga, 6. fundur, 18. desember 2007.
Til kynningar.

1.2. Félagsmálanefnd Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu, 6. fundur, 2. desember 2007.
Til kynningar.

1.3. Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu, 17 fundur, 6 desember 2007.
Til kynningar.

1.4. SASS, 409. fundur, 19. desember 2007.
Til kynningar.

1.5. Heilbrigðisnefnd Suðurlands, 104. fundur, 18 desember 2007.
Til kynningar.

1.6. Samband ísl. Sveitarfélaga, 749. fundur, 14. desember 2007.
Til kynningar.

1.7. Skipulagsnefnd, fundur frá 10. janúar 2008.
Bókun B-listans vegna liðar 1.7 í fundargerð 6.fundar skipulagsnefndar Rang. bs.

*B-listinn mótmælir að samþykkt verði fram lögð aðalskipulagsbreyting fyrir Hellu á grundvelli eftirfarandi röksemda:*

- *Á síðasta kjörtímabili var samhugur um að byggja upp athafna- og iðnaðarlóðir sunnan þjóðvegar gengt Reykjagarði. Fyrir liggur samþykkt aðalskipulagsbreyting þar að lútandi.*
- *Ekki er gert ráð fyrir í fram lagðri aðalskipulagsbreytingu að fella út allar athafna- og iðnaðarlóðir norðan Dynskála sem var ein að grunnforsendum fyrir flutningi athafna- og iðnaðarlóða suður fyrir þjóðveg.*
- *Í óþökk við stóran hóp íbúa á Hellu hyggst meirihlutinn setja niður gámavöll inn í þorpinu þó landrými sé nægjanlegt í næsta nágrenni. Sýnir ákvörðunin virðingarleysi gagnvart íbúunum og öflugri atvinnustarfsemi í næsta nágrenni*

*Fulltrúar D-listans ættu að sjá sóma sinn í því að taka málið til gagngerrar endurskoðunar.*

*B-listinn mótmælir enn og aftur fram lagðri aðalskipulagsbreytingu.*

Guðfinna Þorvaldsdóttir, Kjartan G Magnússon, Ólafur E Júlíusson.

Bókun fulltrúa D-listans vegna bókunar B-listans við afgreiðslu á lið 1.7 á 22. fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra, 10. janúar 2008.

*Enn og aftur leggja fulltrúar B-listans fram bókun um skipulagsmál á Hellu þar sem lítið fer fyrir tillögum í málinu, en meira fyrir neikvæðni og mótmælum. Á meðan eru fulltrúar D-listans að reyna að vinna að raunhæfum lausnum, íbúum til heilla.*

*Umrædd skipulagsbreyting hefur farið gegnum lögformlegt auglýsingaferli. Engar athugasemdir hafa komið fram í því ferli. Fulltrúum B-listans hafa fyrir löngu séð tillögur að fyrirhugðum breytingum á skipulagi. Hvorki við þá umræðu né síðar í ferlinu hafa komið fram neinar athugasemdir, hvorki munnlegar né skriflegar um málið frá B-listanum. Því vekur það athygli að kjörnir fulltrúar skulu sjá sér þörf að gera athugasemdir á lokastigi málsins, eftir að búið er að auglýsa tillögurnar og afgreiða málið í skipulagsnefnd.*

*Í bókun B-listans er fullyrt að ein af grunnforsendum fyrir því að sett var niður iðnaðarhverfi sunnan þjóðvegar á Hellu á síðasta kjörtímabili hafi verið að fella út allar athafna- og iðnaðarlóðir norðan þjóðvegar. Eitthvað virðast fulltrúar B-listans hafa misskilið afgreiðslu málsins í skipulagsnefnd, því þar er verið að afgreiða tillögu sem felur í sér að iðnaðar- og athafnarsvæði norðan þjóðvegar minnka eða eru teknar út. Ekki er verið að setja þar inn ný svæði eða stækka þau sem fyrir voru. Tillagan felur fyrst og fremst í sér skipulag á nýjum íbúðasvæðum sem sýnir metnað meirihlutans í að hafa nægt framboð af íbúðalóðum og stuðla þannig að fjölgun íbúa.*

*Þá er rétt að minna á að oddviti B-listans er fyrrverandi skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings ytra. Hann ásamt þáverandi formanni skipulags- og bygginganefndar lagði talsvert mikla vinnu í að leita að svæði undir gámavöll við Hellu. Þrátt fyrir að sveitarfélagið sé liðlega 6.000 ferkílómetrar tókst ekki að finna umrætt gámasvæði í því ferli. Þá er rétt að ítreka að staðsetning á gámasvæði er ekki hluti af aðalskipulagsbreytingunni.*

*B-listinn, með fyrrum skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra í broddi fylkingar, ætti að sjá sóma sinn í því að leggja sig fram um að kynna sér staðreyndir skipulags- og byggingarmála innan Rangárþings ytra betur.*

Þorgils Torfi Jónsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjóla Guðnadóttir.

Bókun B-listans vegna bókunar D-lista vegna skipulagsmála.

*B-listinn vill benda á að ekki er rétt farið með í bókun D-listans. B-listinn hefur gert athugasemdir á fyrri stigum og vill benda á síðustu fundargerðir hreppsnefndar þar af lútandi.*

*B-listinn vill árétta fyrri bókun sína varðandi athafna- og iðnaðarlóðir norðan Dynskála ekki þjóðvegar eins og ranglega er farið með í bókun D-listans.*

*Oddvita B-listans er mjög vel kunnugt um skoðun á staðsetningu gámavallar síðustu árin, þar var leitast við að finna stað í sátt við íbúa og umhverfi.*

Þ.T.J.   

*Því er ekki fyrir að fara hjá D-listanum þegar staðsetning við Dynskála var ákveðin fyrir gámavöll, 120 íbúar mótmæltu og eitt af öflugustu fyrirtækjum sveitarfélagsins, Reykjagarður.*

*Þetta kallar D- listinn málefnalega meðferð skipulags og í sátt við allt og alla.*

Guðfinna Þorvaldsdóttir, Kjartan G Magnússon, Ólafur E Júlíusson.

Bókun D-listans vegna bókunar B-listans við afgreiðslu á lið 1.7 í fundargerð 6. fundar skipulagsnefndar Rangárvallasýslu bs.

*D-listinn vill enn og aftur ítreka að engar athugasemdir komu fram varðandi umrædda breytingu á aðalskipulagi. D-listinn getur því ekki á nokkurn hátt skilið hversvegna B-listinn getur ekki samþykkt umrædda breytingu á aðalskipulagi á lokastigi málsins.*

*Fulltrúar D-listans leggja áherslu á að fyrirhugað gámasvæði tengist ekki á nokkurn hátt þeirri breytingu á aðalskipulagi sem verið er að afgreiða á fundinum, eins og skilja má í bókun B-listans.*

Þorgils Torfi Jónsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjóla Guðnadóttir.

Samþykkt með fjórum atkvæðum meirihlutans, fulltrúar B lista greiða atkvæði á móti.

**2. Landskipti og sala á landi og landskikum, stofnun lögbýla og tengd efni:**

Ingvar Pétur Guðbjörnsson lýsti yfir vanhæfi vegna liðar 2.1. og tók ekki þátt í afgreiðslu.

2.1. Gaddstaðir.

Óskað er umsagnar sveitarstjórnar um landskipti úr landi Gaddstaða landnr. 164487, í 288,2 m$^2$ spildu, í landnr. 214947. Ekki er gerð athugasemd við landskiptin.

Samþykkt með 6 atkvæðum, IPG tók ekki þátt í afgreiðslu.

2.2. Bakkakot I og II.

Óskað er umsagnar sveitarstjórnar um landskipti úr landi Bakkakoti I og II,
landnr. 164473 í 5400 m$^2$ í landnr. 164474.
landnr. 164473 í 5400 m$^2$ í landnr. 214278.
landnr. 164473 í 8800 m$^2$ í landnr. 214279.
landnr. 164473 í 1100 m$^2$ í landnr. 214280.
landnr. 164473 í 1100 m$^2$ í landnr. 214281.
landnr. 164473 í 2200 m$^2$ í landnr. 186091.

Ekki er gerð athugasemd við landskiptin. Samþykkt samhljóða.

2.3. Litli Klofi.

Óskað er umsagnar sveitarstjórnar um landskipti úr Litla Klofa, landnr. 191442, í 3,9 ha spildu, í landnr. 215245.

Ekki er gerð athugasemd við landskiptin. Samþykkt samhljóða.

**3. Leigusamningur vegna tjaldsvæðis Laugalandi:**

Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að ljúka málinu, í samráði við hlutaðeigandi aðila. Samþykkt samhljóða.

**4. Heimild til að stofna bankareikning vegna Verðlaunasjóðs Kirkjubæjar:**

Sveitarstjóra er veitt heimild til að stofna bankareikning í Landsbankanum á Hvolsvelli vegna Verðlaunasjóðs Kirkjubæjar. Samþykkt samhljóða.

5. **Heimild til lántöku í samræmi við fjárhagsáætlun 2007:**
Sveitarstjóri fór yfir lántökur ársins 2007 og skýrði út áhrif þeirra á niðurstöðu sjóðstreymis vegna fjárhagsáætlunar 2008.
Til kynningar.

6. **Starfsleyfi fyrir móttöku- og flokkunarstöð og urðunarstað við Strönd:**
Til kynningar.

7. **Hagsmunagæsla í úrgangsmálum:**
Til kynningar.

8. **Bann við lausagöngu búfjár í þéttbýlinu Gunnarsholti:**
Sveitarstjóra falið að afla gagna um málið og afgreiðslu frestað.
Samþykkt samhljóða.

9. **Kjörbréf vegna aukaaðalfundar SASS og AÞS:**
Eftirtaldi eru tilnefndir af sveitarstjórn til að fara með kjörbréf sveitarfélagsins á aukaaðalfundi SASS; Þorgils Torfi Jónsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Guðfinna Þorvaldsdóttir og Ólafur Elvar Júlíusson, til vara eru Sigurbjartur Pálsson, Helga Fjóla Guðnadóttir, Kjartan Magnússon og Sigfús Davíðsson. Samþykkt samhljóða.

10. **Kostnaðaráætlun vegna félagsmálastjóra, barnaverndarnefndar og félagsmálanefndar 2008:**
Til kynningar.

11. **Hreinsun minkasía:**
Til kynningar.

12. **Beiðni um afskrift á opinberum gjöldum:**
Fært í trúnaðarmálabók.

13. **Samkomulag um vátryggingar milli Laugalandsskóla og VÍS:**
Til kynningar.

14. **Samningur vegna heildarendurskoðunar aðalskipulags sveitarfélagsins:**
Drög til kynningar, sveitarstjóra falið að vinna að málinu.

15. **Loftmyndir, autocad og jarðgrunnur sveitarfélagsins:**
Sveitarstjórn samþykkir beiðni skipulags- og byggingarfulltrúa um samræmingu á kerfum og hvetur hann að leita tilboða.
Samþykkt samhljóða.

16. **Fundaráætlun sveitarstjórnar 2008:**
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagða fundaráætlun sveitarstjórnar.

17. **Erindi vegna lóðasölu í landi Gaddstaða og Merkihvols:**
Til kynningar.

**18. Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:**

18.1. Blátt áfram, forvarnarverkefni.
Tillaga um að hafna erindinu.
Samþykkt með þremur atkvæðum gegn tveimur atkvæðum.
Tveir sátu hjá. (KM) (HFG)

18.2. Lögbirtingarblaðið 100 ára afmælishátíð.
Til kynningar.

**19. Annað efni til kynningar:**

19.1. Félagsþjónustan, reglur um aukinn stuðning við dagforeldra.
19.2. Félag leikskólakennara, viðbótarkjör í nokkrum sveitarfélögum.
19.3. Byggingar- og skipulagsfulltrúi, vegna landamerkja í landi Köldukinnar og vegna viðbyggingar við söluskála á Landvegamótum.
19.4. Skipulagsstofnun, vegna breytinga á aðalskipulagi Holta- og Landsveitar, Hvammur.
19.5. Skipulagsstofnun, vegna breytinga á aðalskipulagi Djúpárhrepps, Smáratún.
19.6. Fornleifavernd ríkisins, vegna deiliskipulags, frístundarbyggðarinnar Heiðarlönd í landi Galtalækjar 2.
19.7. Samgönguráðuneytið, vegna flutnings umsýslu sveitarstjórnarmála.
19.8. Félagsmálaráðuneytið, áætluð úthlutun framlags vegna sérþarfa fatlaðra nemenda

**20. Frá sýslumanni á Hvolsvelli, þinglýst skjöl**
Til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundargerð lesin upp og samþykkt.
Fundi slitið kl. 16.55.

Þorgils Torfi Jónsson
oddviti

Ingvar Pétur Guðbjörnsson

Kjartan Magnússon

Sigurbjartur Pálsson

Guðfinna Þorvaldsdóttir

Helga Fjóla Guðnadóttir

Ólafur Elvar Júlíusson

Örn Þórðarson
sveitarstjóri

Indriði Indriðason,
fjármálastjóri

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

**Fundargerð**

**23. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, fimmtudaginn 7. febrúar. 2008, kl. 13.00.**

Mætt voru: Ingvar Pétur Guðbjörnsson, varaoddviti, Sigurbjartur Pálsson, Gísli Stefánsson, Þórhallur J Svavarsson, Ólafur Elvar Júlíusson, Kjartan Magnússon, Guðfinna Þorvaldsdóttir. Að auki sátu fundinn Örn Þórðarson, sveitarstjóri, og Indriði Indriðason, fjármálastjóri, sem ritaði fundargerð.

Varaoddviti setti fund og stjórnaði honum. Tillaga um breytingu á dagskrá, við bætist liður 1.12. Byggingarnefnd. Samþykkt samhljóða.

**1. Fundargerðir til staðfestingar eða kynningar:**

1.1. Hreppsráð Rangárþings ytra, 22. fundur, 24. janúar 2008.
Samþykkt samhljóða.

1.2. Ritnefnd Holtamannabókar, fundur 22 janúar 2008.
Til kynningar.

1.3. Bókasafnsnefnd, 1 fundur, 21 janúar 2008.
Lögð fram tillaga um að leggja niður núverandi bókasafnsnefndir og að starfrækja eina þriggja manna bókasafnsnefnd í sveitarfélaginu sem væri yfir öllum bókasöfnunum. Jafnframt er lagt til að sveitarstjóra verði falið að gera erindisbréf fyrir bókasafnsnefnd Bókasafns Rangárþings ytra.
Tillögunni er vísað til samráðsnefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps. Samþykkt samhljóða.

1.4. Félagsmálanefnd Rangárvalla- og V- Skaftafellssýslu, 7. fundur, 29 janúar 2008.
Samþykkt samhljóða.

1.5. Hjúkrunar- og dvalarheimilið Lundur, fundur 24. janúar 2008.
Til kynningar.

1.6. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands, 105. fundur, 24. janúar 2008.
Til kynningar.

1.7. Heilbrigðisnefnd Suðurlands, 105 fundur 24. janúar 2008.
Til kynningar

1.8. Samband ísl. Sveitarfélaga, 750. fundur, 18. janúar 2008
Til kynningar

1.9. Skipulagsnefnd 7. fundur, 6. febrúar 2008
Fundargerðin borin upp til atkvæða að undanskildum tveimur fyrstu liðunum, og er samþykkt með 5 atkvæðum, tveir sitja hjá ( GÞ) (ÓEJ)

1.10. Byggingarnefnd skóla, 1 fundur. 7. febrúar 2008
Til kynningar.

1.11. Vatnsveita Rangárþings ytra og Ásahrepps, 6. febrúar 2008
Til kynningar.

1.12. Byggingarnefnd, fundur 6 febrúar 2008
Fundargerðin er staðfest.

IK

2. **Skipulags- og byggingarmál:**

2.1. Deiliskipulag íbúðarbyggðar Seltúni við Hellu.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að deiliskipulagstillaga vegna íbúðarbyggðar við Seltún, Hellu verði sett í auglýsingu.

2.2. Aðalskipulagsbreyting, Strönd.
Sveitarstjórn samþykkir með fjórum atkvæðum, einn á móti (GÞ) og tveir sitja hjá (KM) (ÓEJ) að aðalskipulagstillaga vegna Strandar verði sett í auglýsingu.

3. **Gjaldskrár og álagningarprósentur 2008:**
Gjaldskráin er samþykkt með fjórum atkvæðum, þrír fulltrúar (KM) ( ÓEJ) (GÞ) sitja hjá.

4. **Leigusamningur vegna tjaldstæðis á Laugalandi:**
Samningurinn er samþykktur samhljóða og er sveitarstjóra falið að undirrita samninginn.

5. **Tónlistarskólagjöld:**
Umsókn um að Rangárþing ytra greiði kostnað vegna tónlistarnáms HBH 190491-2509 við Tónlistarskólann í Reykjavík.
Lagt er til að orðið verði við beiðninni með fyrirvara um kostnaðarþátttöku ríkisins við tónlistarkennslu framhaldsskólanema. Samþykkt samhljóða.

6. **Galtarlækur 2, aðalskipulagsbreyting:**
Afgreiðslu frestað með vísan í bókun 9. stjórnarfundar Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps, frá 6. febrúar 2008. Þar sem óskað verður eftir úttekt sérfræðinga á vatnsvernd og neðanjarðarrennsli vatns á starfssvæði vatnsveitunnar. Samþykkt samhljóða.

7. **Heimasíða sveitarfélagsins:**
Sveitarstjóri kynnti tvö tilboð sem komið hafa fram vegna heimasíðu fyrir sveitarfélagið. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka tilboði frá Aicon vegna heimasíðu fyrir sveitarfélagið.

8. **Gatnagerðargjöld, athugasemdir við álagningu:**
Sveitarstjóra falið að skoða málið nánar og leggja tillögur fyrir sveitarstjórn. Sveitarstjóra jafnframt falið að verða við óskum bréfritara um fund vegna athugasemdanna.
Lóðaumsókn Sláturhúss Hellu hf. er vísað til hreppsráðs.
Samþykkt samhljóða.

9. **Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, úrbætur á Trölladeild leikskólans Heklukots:**
Sveitarstjóra er falið að gera nauðsynlegar úrbætur á húsnæðinu. Samþykkt samhljóða.

10. **Sorpstöð Suðurland, vegna framtíðarlausna í úrgangsmálum:**
Sveitarstjórn samþykkir að halda áfram skoðun á málinu.

11. **Þjónustumiðstöð, vélakaup:**
Lagt fram bréf frá forstöðumanni þjónustumiðstöðvar þar sem hann óskar eftir heimild til að keypt verði ný dráttarvél fyrir þjónustumiðstöðina. Hagstæðasta tilboðið var frá Vélfangi ehf. og hljóðar upp á dráttarvél að gerðinni CLAAS ARES 500 að upphæð 6,4 milljónir utan virðisaukaskatt. Auk þess liggur fyrir uppítökutilboð á núverandi CASE vél upp á 700 þúsund án virðisaukaskatts
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að heimila sveitarstjóra að kaupa eða leigja umrædda vél og vísar kostnaði til endurskoðunar á fjárhagsáætlun.

12. **Yfirlit yfir greiddar húsaleigubætur 2007.**
Til kynningar.

13. **Innflutningur erlendra dýrategunda:**
Til kynningar.

14. **Hólavangur 3, vegna lóðar:**
Erindinu er hafnað. Samþykkt með sex atkvæðum, einn situr hjá (GÞ).

15. **Árbyrgi, sorphirða og merkingar:**
Sveitarstjóra falið að svara erindinu. Samþykkt samhljóða.

**16. Vinna við upplýsingasöfnun fyrir Landsmót hestamanna 2008:**
Sveitarstjórn sér sér ekki fært að verða við erindinu. Samþykkt með fjórum atkvæðum, þrír sitja hjá (KM) (ÓEJ) (GÞ).

**17. Samgöngunefnd Alþingis, umsögn um samgönguáætlun:**
Erindinu er vísað til samgöngunefndar.

**18. Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:**

18.1. Leikfélag Rangæinga, styrkumsókn.
Í ljósi þess að sveitarfélagið styrkir Leikfélag Rangæinga í gegnum héraðsnefnd er erindinu hafnað.
Samþykkt með sex atkvæðum, einn situr hjá (GÞ).

18.2. SAMAN-hópurinn, styrkumsókn.
Erindinu er hafnað.

18.3. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands, aukaaðalfundur.

18.4. SASS, aukaaðalfundur.

18.5. Landssamtök landeigenda, aðalfundur.

18.6. Ráðstefna um stefnumarkandi áætlun í barnavernd.

**19. Annað efni til kynningar:**

19.1. Vegna Brunasamlags Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu.

19.2. Vegna ráðstöfunar eldra húsnæðis leikskólans á Laugalandi.

19.3. Umhverfisstofnun, vegna hundahalds í Þykkvabæ.

19.4. Varasjóður húsnæðismála, vegna félagslegra íbúða 2007.

19.5. Samband íslenskra sveitarfélaga, umsagnir um frumvörp um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

19.6. Vefrit menntamálaráðuneytisins.

19.7. Vinnueftirlitið, skoðunarskýrslur.

19.8. Fornleifavernd ríkisins, vegna Ölversholts 3.

19.9. Landsvirkjun Power.

**20. Holtamannaafréttur, málaferli:**
Samþykkt samhljóða að áfrýja málinu til Hæstaréttar Íslands. Sveitarstjóra falið að undirbúa áfrýjunina ásamt með lögmanni sveitarfélagsins, Karli Axelssyni.
Samþykkt samhljóða.

**21. Starfsmannamál:**
Sveitarstjóri óskaði eftir heimild til að auglýsa eftir nýjum skrifstofustjóra á stjórnsýsluskrifstofuna.
Samþykkt samhljóða.

**22. Orkuframleiðsla til atvinnusköpunar:**
Sveitarstjóri lagði fram drög að bréfi til Landsvirkjunar þar sem sveitarstjórn bendir á Rangárþing ytra sem álitlegan kost fyrir uppbyggingu orkufreks hátækniiðnaðar.
Samþykkt samhljóða að senda bréfið til Landsvirkjunar.

**23. Frá Sýslumanni á Hvolsvelli, þinglýst skjöl:**
Til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundargerð lesin upp og samþykkt.
Fundi slitið kl. 16.40.

Ingvar Pétur Guðbjörnsson
varaoddviti

Sigurbjartur Pálsson

Kjartan Magnússon

Gísli Stefánsson

Guðfinna Þorvaldsdóttir

Þórhallur J Svavarsson

Ólafur Elvar Júlíusson

Örn Þórðarson
sveitarstjóri

Indriði Indriðason,
fjármálastjóri

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

**Fundargerð**

**24. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, fimmtudaginn 13. mars. 2008, kl. 13.00.**

Mætt voru: Þorgils Torfi Jónsson oddviti, Sigurbjartur Pálsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Helga Fjóla Guðnadóttir, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Þorbergur Albertsson og Guðfinna Þorvaldsdóttir. Að auki sátu fundinn Örn Þórðarson, sveitarstjóri, og Indriði Indriðason, fjármálastjóri, sem ritaði fundargerð.

Oddviti lagði til eftirfarandi breytingar á auglýsti dagskrá: Við bætast eftirfarandi liðir: 1.21, 11 fundur byggingarnefndar, liður 16, erindi frá undirbúningshóps vegna landbúnaðarsýningar, liður 17, deiliskipulag vegna íbúðarbyggðar Öldum III, liður 18, fyrirspurn frá fulltrúum B lista. Samþykkt samhljóða.

**1. Fundargerðir til staðfestingar eða kynningar:**

1.1. Hreppsráð, 23 fundur, 21. febrúar 2008.
Fundargerðin er samþykkt samhljóða.

1.2. Byggingarnefnd grunn- og leikskóla á Hellu, 2. fundur, 7. mars 2008.
Til kynningar.

1.3. Atvinnu- og menningarmálanefnd, 3. fundur, 19. febrúar 2008.
Til kynningar..

1.4. Sameiginleg barnaverndarnefnd, 19., 20. og 21. fundur janúar og febrúar 2008.
Til kynningar.

1.5. Íþrótta- og æskulýðsnefnd, 11. fundur, 20. febrúar 2008.
Til kynningar.

1.6. Félagsmálanefnd Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu, 8. fundur, 27. febrúar 2008.
Til kynningar.

1.7. Skipulagsnefnd Rangárþings bs. 8. fundur, 27. febrúar 2008.
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

1.8. Vinnuhópur um stofnun framhaldsskóla í Rangárþingi, 1. fundur, 29. febrúar 2008.
Til kynningar.

1.9. Framkvæmdaráð um tengibyggingu, 27. febrúar 2008.
Til kynningar.

1.10. Öldur III, samráðsnefndarfundur, 4. mars 2008.
Til kynningar.

1.11. Foreldraráð grunnskólans Hellu, fundur 4. febrúar 2008..
Til kynningar.

1.12. Foreldraráð Laugalandsskóla, fundur 21. janúar 2008.
Til kynningar.

1.13. Vatnsmál í Rangárþingi ytra, Ásahrepp og Flóahrepp, fundur 3. mars 2008.
Til kynningar.

1.14. Heilbrigðisnefnd Suðurlands, 106. fundur, 19 febrúar. 2008.
Til kynningar.

1.15. Sorpstöð Suðurlands, 155. fundur, 19. febrúar 2008.
Til kynningar.

1.16. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands, 272. fundur, 15. febrúar 2008.
Til kynningar.

1.17. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands, 273. fundur, 18. febrúar 2008.
Til kynningar.

1.18. SASS, 412. fundur, 5. mars 2008.
Til kynningar.

1.19. Samband ísl. Sveitarfélaga, 751. fundur, 22. febrúar 2008.
Til kynningar.

1.20. Launanefnd sveitarfélaga, 225. fundur, 19. febrúar. 2008.
Til kynningar

1.21. Byggingarnefnd Rangárþings bs. 11. fundur, 5. mars 2008.
Sveitarstjórn staðfestir þá liði fundargerðarinnar er snúa að Rangárþingi ytra.
Samþykkt samhljóða.

**2. Landskipti og sala á landi og landskikum, stofnun lögbýla og tengd erindi:**

2.1. Skammbeinsstaðir 3.
Óskað er umsagnar sveitarstjórnar um landskipti úr landi Skammbeinsstaða 3, landnr. 165159, í nýja spildu landnr. 215821. Ekki er gerð athugasemd við landskiptin.
Samþykkt samhljóða.

2.2. Kaldakinn: landskipti.
Óskað er umsagnar sveitarstjórnar um landskipti úr landi Köldukinnar, landnr. 165092, í nýja spildu í landnr. 215820. Ekki er gerð athugasemd við landskiptin.
Samþykkt samhljóða.

2.3. Minna Hof: landskipti.
Óskað er umsagnar sveitarstjórnar um landskipti úr landi Minna Hofs, landnr. 164532, í nýjar spildur með eftirfarandi landnr. 215911, 215912, 215913, 215914, 215915.
Ekki er gerð athugasemd við landskiptin.
Samþykkt samhljóða.

2.4. Vörður: landskipti.
Óskað er umsagnar sveitarstjórnar um landskipti úr landi Varða, landnr. 179774, í nýja spildu, landnr. 215960. Ekki er gerð athugasemd við landskiptin.
Samþykkt samhljóða.

**3. Þriggja ára áætlun, fyrri umræða:**
Sveitarstjóri lagði fram og kynnti áætlunina.
Fjárhagsáætlunin rædd og vísað til seinni umræðu þann 10. apríl n.k.

**4. Beiðni um afskriftir á opinberum gjöldum:**
Afgreiðsla færð í trúnaðarmálabók.

**5. Fyrirkomulag snjómoksturs í dreifbýli:**
Til kynningar.

**6. Trúnaðarmál:**
Fært í trúnaðarmálabók.

**7. Uppgjör byggðasamlagsverkefna:**
Til kynningar.

**8. Þátttaka í sameiginlegu útboði á söfnun og flutningi á pappír og umbúðaafgangi:**
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka þátt í verkefninu með því skilyrði að almenn þátttaka náist hjá öðrum sveitarfélögum á svæðinu.

**9. Álagsgreiðslur kennara:**

Afgreiðslu frestað og sveitarstjóra falið að afla frekari gagna. Samþykkt samhljóða.

**10. Stóru Vellir, skipulagsmál:**

Sveitarstjóra falið að svara erindinu í samráði við skipulags- og byggingarfulltrúa. Samþykkt samhljóða.

**11. Umsókn um leyfi fyrir nýju gistihúsi við skála FÍ við Álftavatn:**

Erindinu vísað til umsagnar hjá hálendisnefnd og fjallskilanefnd Rangárvallaafréttar. Samþykkt samhljóða.

**12. Samráðsnefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps:**

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að allir kjörnir sveitarstjórnarmenn verði fulltrúar í samráðsnefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps.

**13. Fjarfundarbúnaður , fjarkennsla:**

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að festa kaup á fjarfundarbúnaði á grundvelli fyrirliggjandi tilboðs.

**14. Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:**

14.1. Rangárbakkar, styrkur á móti álögðum fasteignaskatti.
Erindinu er vísað til hreppsráðs. Samþykkt samhljóða.

14.2. Fellsmúlaprestakall, afnot af matsal Laugalandsskóla.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita styrk fyrir hluta Rangárþings ytra í húsaleigu 24 febrúar s.l.

14.3. Kvenfélagið Unnur, aðalfundur Sambands sunnlenskra sveitarfélaga
Sveitarstjórn sér sér ekki fært að verð við erindinu. Samþykkt með tveimur atkvæðum, (ÞTJ) (IPG), fimm sitja hjá. (SP) (HFG) (GÞ) (MÝS) (ÞA).

14.4. Kynningarfundur um sameiginlega svæðisáætlun og framtíðarlausnir í úrgangsmálum.
Til kynningar.

14.5. Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga, XXII. 4 apríl 2008.
Til kynningar.

14.6. Efling foreldrafærni, ráðstefna.
Til kynningar.

14.7. Forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum.
Til kynningar.

14.8. Styrkveitingar við jarðhitaleitar.
Til kynningar.

14.9. Sorphirðumál sveitarfélaga, íslenska gámafélagið.
Til kynningar.

14.10. Sveitarstjórnarlögin með skýringum.
Til kynningar.

**15. Annað efni til kynningar:**

15.1. Skipulagstofnun, viðmið vegna umhverfisáhrifa framkvæmda eða áætlana.
15.2. Neytendastofa, vegna seðilgjalda.
15.3. Aðalskipulag Rangárþings eystra.
15.4. Umsögn sambands ísl., sveitarfélaga um frumvarp til laga um frístundarbyggð.
15.5. Ásahreppur, framkvæmdaáætlun barnaverndar og reglur um fjárhagsaðstoð.
15.6. Heklubyggð, bundið slitlag á þjóðvegi 268.
15.7. Vegna gatnagerðargjalda við suðurlandsveg.
15.8. Viðlagatrygging Íslands, vátryggingaryfirlit veitumannvirkja.
15.9. Umhverfisnefnd Alþingis, frumvörp til umsagna.
15.10. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, eftirlitskyldir aðilar.

15.11. Frumherji, rafmagnssvið, skýrsla um neysluveitu.
15.12. Íbúðalánasjóður, fyrirspurn um leigufjárhæð.
15.13. Hive- eMax, vegna breytinga á rekstri.
15.14. Varasjóður húsnæðismála, sölu- og rekstrarframlög.
15.15. ÍSÍ, kynningarbréf um viðburði.
15.16. Fundargerð samstarfsnefndar Landsambands slökkviliðs- og sjúkraflutningsmanna og LN.

**16. Erindi frá Undirbúningshóps vegna landbúnaðarsýningar:**

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og felur sveitarstjóra að ganga frá málinu.

**17. Deiliskipulag vegna íbúðabyggðar Öldum III:**

Deiliskipulagstillagan var auglýst samhliða aðalskipulagsbreytingu í lögbirtingarblaðinu, héraðsfréttablaðinu Búkollu og Morgunblaðinu. Auglýsingartími var frá 28. nóvember til 26. desember 2007. Athugasemdafrestur var til 9. janúar 2008. Skipulagsnefnd tók málið fyrir á fundi sínum 10. janúar s.l. þar sem bókað var að engar athugasemdir hefðu borist og teldist tillagan því samþykkt. Hreppsnefnd Rangárþings ytra staðfesti fundargerð Skipulagsnefndar Rangárþings bs. þann 10. janúar s.l. Aðalskipulagsbreytingin var auglýst í B- deild stjórnartíðinda 29. febrúar s.l.
Hreppsnefnd staðfestir deiliskipulag vegna íbúðabyggðar á Öldum III á Hellu.
Samþykkt samhljóða.

**17. Fyrirspurn frá B lista:**

28. febrúar s.l var forstöðumanni og starfsmanni félagsmiðstöðvar sagt upp störfum fyrirvaralaust, eftir 16 ára farsælt starf. Vísað er í erindi frá íþrótta- og æskulýðsfulltrúa sama dag í uppsagnabréfinu. Óskað er eftir skýringu á eftirfarandi þáttum:

1. Hvaða erindi barst frá Íþrótta- og æskulýðsfulltrúa umræddan dag og hvers eðlis er erindið?

2. Hefði það ekki verið eðlilegast að umræddir aðilar hefðu verið boðaðir til fundar og málin rædd, ef einhverjar breytingar væru fyrirhugaðar?

Guðfinna Þorvaldsdóttir, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir.

Sveitarstjóri svaraði fyrirspurninni munnlega á fundinum.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundargerð lesin upp og samþykkt.
Fundi slitið kl. 18.25.

Þorgils Torfi Jónsson
oddviti

Ingvar Pétur Guðbjörnsson

Guðfinna Þorvaldsdóttir

Sigurbjartur Pálsson

Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir

Helga Fjóla Guðnadóttir

Þorbergur Albertsson

Örn Þórðarson
sveitarstjóri

Indriði Indriðason,
fjármálastjóri

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

**Fundargerð**

**25. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, fimmtudaginn 10. apríl. 2008, kl. 13.00.**

Mætt voru: Þorgils Torfi Jónsson oddviti, Sigurbjartur Pálsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Helga Fjóla Guðnadóttir, Ólafur Elvar Júlíusson, Kjartan Magnússon og Guðfinna Þorvaldsdóttir. Að auki sátu fundinn Örn Þórðarson, sveitarstjóri, og Indriði Indriðason, fjármálastjóri, sem ritaði fundargerð.

Oddviti lagði til eftirfarandi breytingar á auglýsti dagskrá: Bætast við eftirfarandi liðir 3.1 Kaldárholt, 3.2 Dísukot, 3.3 Hallstún, liður 16.10. umsókn um styrk vegna ferðar á Norðurlandamót í hópfimleikum og liður 19, Rýmkun á lóð Þrúðvangi 36a. Samþykkt samhljóða.

**1. Umsóknir um iðnaðar- og athafnalóðir:**

Afgreiðsla færist undir 8. lið á dagskrá.

1.1. Dynskálar 18, Hellu lóðarumsóknir, með vísan í lið 1.1. frá 25. fundi hreppsráðs 3. apríl s.l
Með vísan í bréf frá Sýslumanni færist afgreiðsla aftar á dagskrá.

1.2. Dynskálar 18, Hellu lóðarumsókn frá Herjólfi Gudjohnsen kt: 170854-3819

1.3 Dynskálar 18, Hellu lóðarumsókn frá Ryk og eldþéttingu ehf. kt: 530199-2159

**2. Fundargerðir til staðfestingar eða kynningar:**

2.1. Byggingarnefnd grunn- og leikskóla á Hellu, 2. fundur, 7. mars 2008.

*Bókun B-lista varðandi framtíðaruppbyggingu leikskóla- og grunnskólamannvirkja á Hellu.*
*Bókun B-listans er í nokkrum liðum:*
*B-listinn er fylgjandi þroskaðri og víðsýnni framtíðaruppbyggingu leikskóla- og grunnskólamannvirkja á Hellu.*
*B-listinn leggur á það ríka áherslu að opinberar tölur um væntanlega fólksfjölgun í Rangárþingi ytra verði notaðar þegar húsnæðisþörf leik- og grunnskóla er ákvörðuð.*
*B-listinn bendir á að verði uppbygging framhaldsskóla á Hellu að veruleika þá hefur það eitt og sér töluverð áhrif á húsnæðisþörf leik- og grunnskóla.*
*B-listinn leggur á það ríka áherslu að ákvörðun verði tekin varðandi framtíð leikskólans í Þykkvabæ því hún hljóti að hafa áhrif á húsnæðisþörf leikskólans á Hellu.*
*B-listinn leggur á það ríka áherslu að gert sé ráð fyrir yngsta aldurshópnum við ákvörðun á húsnæðisþörf leikskólans á Hellu.*
*B-listinn leggur á það áherslu að fyrirhuguð viðbygging D-listans við núverandi leikskóla tekur ekki mið af framantöldum atriðum né heldur segir til um hversu lengi viðbyggingin við leikskólann dugar.*
*B-listinn leggur jafnframt á það ríka áherslu að stækkunar- og aðkomumöguleikar að íþróttahúsinu verði ekki heftir þegar uppbygging leikskóla- og grunnskólamannvirkja verður ákvörðuð.*
*B-listinn leggur á það ríka áherslu að framtíðarsýn á uppbyggingu leikskóla- og grunnskólamannvirkja verði borin undir íbúa samfélagsins á kynningarfundi áður en ákvörðun er tekin um að hefja framkvæmdir.*
*B-listinn leggur á það ríka áherslu að láta ekki skammsýni byrgja mönnum framtíðarsýn.*
*B-listinn mótmælir því fram komnum hugmyndum og tillögum D-listans að byggja við núverandi leikskóla á Hellu, það er mjög mikil skammtímalausn að okkar mati.*

*Þessu til frekari áherslu vilja fulltrúar B-listans ítreka tillögu fulltrúa B-lista í byggingarnefnd leik- og grunnskóla frá 7. mars 2008 og bóka hana hér því orðrétt:*
Fulltrúi B-listans gerir það að tillögu sinni að eftirfarandi framkvæmdaráætlun verði hrundið af stað:
*1. Hafist verði handa við undirbúning og byggingu 4ra deilda leikskóla hið fyrsta.*
*Leikskólinn tekinn í notkun 1. júní 2009.*
*Áætlaður heildarkostnaður kr. 140-160 miljónir fyrir 4ra deilda leikskóla.*
*2. Skólastefna mörkuð, tillögur af skólamannvirkjum rýndar, undirbúningur, hönnun og útboðsgagnagerð lokið fyrir*
*1. apríl 2009.*
*Framkvæmdartími 1. júní 2009 - 30. ágúst 2011.*
*Uppsteypt mannvirki og fokheld í 1. áfanga.*
*Tilbúið undir tréverk í 2. áfanga.*
*Tekið í notkun í 3. 4. og 5. áfanga.*
*Kennsla sem fyrir er í elsta hluta grunnskólans flytjist yfir í núverandi leikskólahúsnæði fyrir 1. september 2009 á*
*meðan á uppbyggingu stendur.*
*Áætlaður heildarkostnaður kr. 340 - 360 miljónir.*
*3. Þegar uppbyggingu leik- og grunnskólamannvirkja lýkur verði fundin ný starfsemi í núverandi leikskólahúsnæði að*
*Útskálum 1 og 2.*
*Hinn kosturinn væri að selja húsnæðið.*
*Áætlað söluverð þessara fasteigna næmi kr. 40 - 60 miljónir.*
*Hellu 19. mars 2008*
*Ólafur E. Júlíusson, Fulltrúi B-listans*

*Guðfinna Þorvaldsdóttir, Kjartan Magnússon, Ólafur E Júlíusson*

Bókun fulltrúa D-listans vegna bókunar B-listans við lið 2.1 á fundi hreppsnefndar 10. apríl 2008:
*Vegna bókunar fulltrúa B-listans vilja fulltrúar D-lista árétta að undirrituð leggja jafnframt áherslu á þorska og víðsýni við framtíðaruppbyggingu leik- og grunnskóla á Hellu.*
*Fulltrúar D-listans vilja benda á að tillaga B-listans gengur út á 4ja deilda leikskóla. Sú tillaga hlýtur að markast af orðum fulltrúanna í bókun þeirra um þroska og víðsýni. Rétt er að ítreka að tillaga D-listans gengur sömuleiðis út á að koma upp 4ja deilda leikskóla á Hellu og eru B- og D-listar því samstiga í þeim efnum.*
*D-listinn hefur engin áform uppi um að breyta rekstri leikskóladeildarinnar í Þykkvabæ. Eins og staðan er núna er rekstrargrundvöllur fyrir deildinni góður og starfsemin gengur vel.*
*D-listinn er að taka tillit til yngsta aldurshópsins í tillögum sínum, enda ganga þær út á að stofnsetja deild fyrir yngstu börnin frá 12 mánaða aldri þannig að í öllu sveitarfélaginu sé leikskólastarf fyrir börn frá 12 mánaða aldri og fram að grunnskóla.*
*D-listinn leggur á það áherslu sömuleiðis að menn láti ekki skammsýni byrgja sér sýn til framtíðar. Fulltrúar D-listans horfa til framtíðar í þessum málum sem og öðrum.*
*Þorgils Torfi Jónsson, Sigurbjartur Pálsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Helga Fjóla Guðnadóttir.*

Fundargerðin er staðfest. Samþykkt með sex atkvæðum, einn situr hjá (GÞ).

2.2. Hreppsráð, 24. fundur, 27. mars 2008.
Fundargerðin er staðfest. Samþykkt samhljóða.

2.3. Hreppsráð, 25. fundur, 3 apríl 2008.
Afgreiðsla færist undir 8. lið á dagskrá.

2.4. Samráðsnefnd um starf Íþrótta- og æskulýðsfulltrúa, 1. fundur 28. mars 2008, auk fylgigagna.
Til kynningar.

*Lögð var fram tillaga frá B-lista um afturköllun á uppsögnum starfsfólks félagsmiðstöðvar í ljósi þess að málið var ekki rætt í sveitarstjórn.*

*Lögð var fram frávísunartillaga frá Sigurbjarti Pálssyni við tillögu, B- lista, þar sem að tillaga B-lista var ekki boðuð í fundarboði, né var óskað eftir að tillaga yrði lögð fyrir í upphafi fundar, og fengi því málefnalega umfjöllun. Frávísunartillagan er samþykkt með fjórum atkvæðum D-lista gegn þremur atkvæðum B-lista.*

2.5. Framkvæmdanefnd um tengibyggingu milli Suðurlandsvegar 1 og 3., 17. mars 2008.
Til kynningar.

2.6. Samgöngunefnd, 6. fundur, 1. apríl 2008.
*Sveitarstjórn tekur undir með samgöngunefnd, og mótmælir harðlega einhliða ákvörðun Vegagerðarinnar að taka af vegaskrá þann hluta af Ásvegi, vegnr. 275, er liggur á milli Háfs og Sandhólaferju.*
Fundargerðin er staðfest. Samþykkt samhljóða.

2.7. Fræðslunefnd, 17. fundur, 3 apríl 2008.
Fundargerðin er staðfest. Samþykkt samhljóða.

2.8. Félagsmálanefnd, 9. fundur, 1. apríl 2008.
Fundargerðin er staðfest. Samþykkt samhljóða.

2.9. Brunnavarnir Rangárvallasýslu bs., 15. fundur 31. mars 2008.
Til kynningar

2.10. Byggingarnefnd Rangárþings bs., 12 fundur , 2. apríl 2008.
Fundargerðin er staðfest að þeim hluta er lýtur að Rangárþingi ytra. Samþykkt samhljóða.

2.11. Öldur III, samræmingarfundur, 3 apríl 2008.
Til kynningar.

2.12. Heilbrigðisnefnd Suðurlands, 107. fundur, 18. mars 2008.
Til kynningar.

2.13. SASS, 413. fundur, 2 apríl 2008.
Til kynningar

2.14. Samband ísl. Sveitarfélaga, 752. fundur, 28. mars 2008.
Til kynningar.

**3. Landskipti og sala á landi og landskikum, stofnun lögbýla og tengd erindi:**

3.1. Kaldárholt.
Óskað er umsagnar sveitarstjórnar um landskipti úr landi Kaldársholts, landnr. 165096, í nýja spildur landnr. 214778, 214779, 214780, 165097 og 214781. Ekki er gerð athugasemd við landskiptin.
Samþykkt samhljóða.

3.2. Dísukot.
Óskað er eftir umsögn sveitarstjórnar um landskipti úr landi Dísukots, landnr. 165370 í nýja spildu, landnr. 216105. Ekki er gerð athugasemd við landskiptin.
Samþykkt samhljóða.

3.3. Hallstún.
Óskað er eftir umsögn sveitarstjórnar um landskipti úr landi Hallstúns, landnr. 203602 í þrjár nýjar spildur, landnr. 203907, 203908, 203909. Ekki er gerð athugasemd við landskiptin.
Samþykkt samhljóða.

**4. Þriggja ára áætlun, síðari umræða:**

Áætlunin gerir ekki ráð fyrir árlegri hækkun tekna og gjalda frá fjárhagsáætlun 2008. Gert er ráð fyrir að verja sem nemur 742 milljónir kr. til framkvæmda og fjárfestinga. Áætlunin borin upp og samþykkt með 4 atkvæðum D-lista, 3 sitja hjá af B-lista.

5. **Álagsgreiðslur kennara:**

*Fulltrúar B-lista.*

*Bókun: „Það kemur fram í könnun 9.4.2008, sem Capacent gerði á launum kennara, að grunnskólakennarar í KÍ, er lægst launaða kennarastéttin. Við viljum leggja til að gerð verði könnun á launum starfsmanna sveitarfélagsins og þeim stéttum sem hallað er á verði bætt það upp með eingreiðslu þetta árið. Mörg sveitarfélög hafa gert slíkar leiðréttingar."*

*Guðfinna Þorvaldsdóttir, Kjartan Magnússon og Ólafur Elvar Júlíusson*

Tillaga D- lista

*„Í ljósi þess að kjaraviðræður eru framundan milli Launanefndar sveitarfélag og samningarnefndar Félags grunnskólakennara, telur sveitarstjórn rétt að hafna erindinu".*

Tillagan er borin upp til atkvæða og samþykkt með fjórum atkvæðum D- lista, fulltrúar B- lista sitja hjá.

6. **Öldur III, framkvæmdaáætlun:**

Sveitarstjórn samþykkir heimild til handa sveitarstjóra að setja í útboð gatna- og stígagerð í Öldum III, Hellu. Verkinu skal vera áfangaskipt í þrjá áfanga en þó skal því lokið á árinu 2009.
Samþykkt samhljóða.

7. **Lántaka vegna 2007:**

Sveitarstjórn samþykkir að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að upphæð 100 milljónir króna. Lánið er með einum gjalddaga, þann 30. maí 2008. Jafnframt er Erni Þórðarsyni, kt 040461-4779 heimilt að undirrita gögn er lúta að lántöku þessari.
Samþykkt samhljóða.

8. **Hlymdalir ehf. og Trésmiðja Ingólfs ehf., vegna lóðaumsóknar:**

Tekin er jafnframt til afgreiðslu liður 2.3. Hreppsráð, 25. fundur, 3 apríl 2008.
Tillaga undir lið 8 á fundi 25. fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra:

*Með vísan í 8. grein úthlutunarreglna lóða Rangárþings ytra leggja undirrituð til að lóð nr. 18 við Dynskála á Hellu verði úthlutað til Hlymdala ehf. kt. 440106-1290. Öðrum umsækjendum verði vísað á nýjar lóðir sem eru í skipulagsferli austar við Dynskála á Hellu.*

*Þorgils Torfi Jónsson, Sigurbjartur Pálsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Helga Fjóla Guðnadóttir,*

Tillagan er samþykkt með fjórum atkvæðum D lista, einn er á móti ( ÓEJ), tveir sitja hjá (KM) (GÞ).

Bókun B-lista vegna úthlutunar á athafnalóð að Dynskálum 18 til handa Hlymdölum ehf.

*Fulltúrar B-lista vilja benda á það að umrædd lóð er skráð sem athafnalóð á aðalskipulagi en ekki sem iðnaðarlóð eingöngu eins og Hlymdalir ehf. sækja klárlega um.*

*Framkvæmdatími er ekki tilgreindur á upphaflegri umsókn frá Hlymdölum ehf. sem lögð var til grundvallar að dregið yrði um lóðina.*

*Því telja fulltrúar B-lista að umsókn Keflvíkings ehf. gangi lengra. Í því tilfelli er sótt um iðnaðar- og verslunarlóð og framkvæmdatími tilgreindur.*

*Guðfinna Þorvaldsdóttir, Kjartan Magnússon og Ólafur Elvar Júlíusson.*

Bókun fulltrúa D-lista vegna bókunar B-lista við úthlutun á lóð nr. 18 við Dynskála á Hellu:

*Í bréfi frá Hlymdölum ehf. kemur fram að áætlað sé að starfssemi sé komin í húsið haustið 2008. Áætlaður byggingartími Keflvíkings ehf. er tilgreindur 1 ár. Það getur því ekki talist rétt að umsókn Keflvíkings ehf. gangi lengra að þessu leyti. Þá er rétt að benda á að Hlymdalir ehf. taka fram hvernig húsgerð fyrirtækið hyggst byggja. Slíkar upplýsingar liggja ekki fyrir hjá Keflvíkingi ehf.*

*Fulltrúar D-lista fagna áhuga fyrirtækja á að setja sig niður í sveitarfélaginu og ljóst að allir umsækjendur munu hafa möguleika á lóð fyrir starfssemi sína innan skamms þegar skipulagsferli nýrra lóða verður lokið.*

*Þorgils Torfi Jónsson, Sigurbjartur Pálsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Helga Fjóla Guðnadóttir*

Sveitarstjóri leggur fram tillögu

*„Að skipuð verði þriggja manna nefnd til að fara yfir úthlutunarreglur lóða í Rangárþingi ytra."*

Samþykkt er að vísa afgreiðslu á tillögu sveitarstjóra undir lið 20. Samþykkt samhljóða.

**9. Erindisbréf samgöngunefndar:**

Sveitarstjórn samþykkir , erindisbréf samgöngunefndar, öðlast erindisbréfið nú þegar gildi. Samþykkt samhljóða.

**10. Vanhæfi sveitarstjórnarmanns:**

Sveitarstjórn Rangárþings ytra felst á beiðni sveitarstjórnarmanns og mun eftirleiðis gæta þess að varamaður verði boðaður í hans stað, beri svo við.
Samþykkt samhljóða.

**11. Héraðsáætlanir Landgræðslunnar:**

Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að svara erindinu.
Samþykkt samhljóða.

**12. Athugasemdir við deiliskipulagsbreytingu í Seltúni á Hellu og Strönd:**

Athugasemdum er vísað til skipulagsnefndar.
Samþykkt samhljóða.

**13. Skipulagsstofnun, deiliskipulag við Öldur III:**

Sveitarstjóra falið að auglýsa deiliskipulag íbúðarsvæðis Öldur III, Hellu. Í B- deild Stjórnartíðinda.
Samþykkt samhljóða.

**14. Jöfnunarsjóður, áætlun um úthlutun 2008:**

Til kynningar.

**15. Umsóknir um styrki til viðhalds á styrkvegum:**

Til kynningar.

**16. Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:**

16.1. Skólahreysti, umsókn um styrk.

Sveitarstjórn samþykkir að styrkja Skólahreysti um 50 þús. kr. og er kostnaði vísað til endurskoðunar á fjárhagsáætlun.
Samþykkt samhljóða.

16.2. Tónlistarskóli Rangæinga, styrkur vegna menningarferðar.

Sveitarstjórn samþykkir að styrkja Tónlistarskólann vegna menningarferðar sem nemur sínum hlut, enda eru samstarfssveitarfélögin búin að greiða sinn hlut. og er kostnaði vísað til endurskoðunar á fjárhagsáætlun.
Samþykkt samhljóða.

16.3. Vorskemmtun kóra í Rangárvallasýslu, styrkur vegna húsaleigu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita styrk fyrir hluta Rangárþings ytra í húsaleigu 18. apríl n.k.

16.4. Sumar í Odda, tónleikaröðin, styrkbeiðni.

Sveitarstjórn samþykkir að styrkja kirkjukóra Odda- og Þykkvabæjarkirkna um 100 þús. kr. vegna tónleikaraðarinnar " Sumar í Odda". Kostnaði vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar. Sveitarstjórn vill benda umsækjanda á menningarráð Suðurlands.
Samþykkt samhljóða.

16.5. Kartöfluverksmiðja Þykkvabæjar hf., aðalfundur.
Sveitarstjórn tilnefnir Örn Þórðarson sem fulltrúa sinn á aðalfundi Kartöfluverksmiðju Þykkvabæjar hf. og að fara með atkvæðisrétt sveitarfélagsins á fundinum.
Samþykkt samhljóða.

16.6. Eignarhaldsfélag Suðurlands hf. aðalfundur.
Sveitarstjórn tilnefnir Ingvar Pétur Guðbjörnsson sem fulltrúa sinn á aðalfundi Eignarhaldsfélag Suðurlands hf. og að fara með atkvæðisrétt sveitarfélagsins á fundinum.
Samþykkt samhljóða.

16.7. Brunavarnir Rangárvallasýslu bs., aðalfundur.
Til kynningar.

16.8. Ársfundur Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda sveitarfélaga.
Til kynningar.

16.9. Dagur umhverfisins 2008.
Erindinu vísað til umhverfisnefndar.
Samþykkt samhljóða

16.10. Umsókn um styrk vegna ferðar á Norðurlandamót í hópfimleikum.
Sveitarstjórn samþykkir að veita 45. þús. kr. í styrk vegna ofangreindar ferðar.
Samþykkt samhljóða.

**17. Annað efni til kynningar:**

17.1. Sól á Suðurlandi, vegna málþings.
Vísað til samráðsfundar sveitarfélaga.

17.2. Menningarráð Suðurlands, styrkúthlutun.

17.3. Lýðheilsustöð, svör leik- og grunnskólastjóra við könnun á aðstæðum.

17.4. Úrvinnslusjóður breytt fyrirkomulag varðandi greiðslu fyrir meðferð flokkaðs úrgangs.

17.5. Samgönguráðuneytið, skilafrestur þriggja ára áætlana.

17.6. Sýslumaðurinn Hvolsvelli, drög að samstarfssamningi við björgunarsveitir og uppbyggingu stjórnstöðva.

17.7. Menntamálaráðuneytið, lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum.

17.8. Umsókn um starfsleyfi fyrir leikskóla í Þykkvabæ.

17.9. Samband íslenskra sveitarfélaga, drög að umsögnum um frumvörp til skipulagslaga og laga um mannvirki.

**18. Þinglýst skjöl frá Sýslumanni á Hvolsvelli:**
Til kynningar.

**19. Rýmkun á lóð við Þrúðvang 36a:**
Sveitarstjórn samþykkir erindið. Samþykkt samhljóða.

**20. Samþykkt um stjórn og fundarsköp Rangárþings ytra:**
Tekin er jafnframt til afgreiðslu tillaga sveitarstjóra frá 8. lið hér að ofan

*„Að skipuð verði þriggja manna nefnd til að fara yfir úthlutunarreglur lóða í Rangárþingi ytra."*
Jafnframt verði nefndinni falið að endurskoða samþykktir um stjórn og fundarsköp Rangárþings ytra. Í nefndina eru skipaðir Sigurbjartur Pálsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson og Ólafur Elvar Júlíusson.
Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundargerð lesin upp og samþykkt.
Fundi slitið kl. 17.50.

Þorgils Torfi Jónsson
oddviti

Ingvar Pétur Guðbjörnsson

Ólafur Elvar Júlíusson

Sigurbjartur Pálsson

Guðfinna Þorvaldsdóttir

Helga Fjóla Guðnadóttir

Kjartan Magnússon

Örn Þórðarson
sveitarstjóri

Indriði Indriðason,
fjármálastjóri

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

Leiðrétt

**Fundargerð**

**26. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, fimmtudaginn 15. maí. 2008, kl. 13.00.**

Mætt voru: Þorgils Torfi Jónsson oddviti, Sigurbjartur Pálsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Gísli Stefánsson, Guðfinna Þorvaldsdóttir, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir og Sigfús Davíðsson. Að auki sátu fundinn Örn Þórðarson, sveitarstjóri, og Indriði Indriðason, fjármálastjóri, sem ritaði fundargerð.

Oddviti lagði til eftirfarandi breytingar á auglýstri dagskrá: Bætast við eftirfarandi liðir 1.17., Íþrótta- og æskulýðsnefnd, 13. fundur, 9.apríl 2008., 1.18., Forstöðumannafundur, 7 maí 2008., 2.3., Holtsmúli, Kaldakinn og Selás, sameining spildna. 2.4., Smáratún, sameining spildna. 15.4., Stúlknakórinn Hekla.16., Samningar við Intrum, 17., Kjarasamningsumboð Launanefndar sveitarfélaga, 18., Lánasamningur við Lánasjóð sveitarfélaga. 19. Ráðningarsamningur skrifstofustjóra og starfslýsing. 20., Grenjaskyttur. og liður 21., Fyrirspurnir frá B- lista, vegna uppsagna starfsmanna sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða

**1. Fundargerðir til staðfestingar eða kynningar:**

1.1. Hreppsráð, 26. fundur, 23. apríl 2008.

Afgreiðsla á liðum 56 og 7 í fundargerð hreppsráðs er tekin til sér umfjöllunar að öðru leyti er fundargerðin staðfest.

Samþykkt samhljóða

1.2. Skipulagsnefnd, 5. fundur, 13. desember 2007.

Fundargerðin er staðfest og heimild til að auglýsa aðal-og deiliskipulag.

Samþykkt með fjórum atkvæðum D- lista, þrír fulltrúar B-lista sitja hjá.

1.3. Skipulagsnefnd, 9. fundur, 14. apríl 2008.

***Bókun B-lista vegna fundargerðar skipulagsnefndar 14.apríl 2008 á aðalskipulagi vegna stækkunar á frístundabyggð í landi Merkihvols.***

*Við undirrituð teljum að það þurfi að kanna til hlýtar vatnstökusvæði í næsta nágrenni, áður en hægt er að samþykkja stækkun á frístundabyggð í landi Merkihvols. Með því er átt við að það sama verði látið ganga yfir það landsvæði og önnur sem liggja að hugsanlegum vatnstökusvæðum.*

*Guðfinna Þorvaldsdóttir, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Sigfús Davíðsson.*

***Bókun fulltrúa D-lista vegna bókunar B-lista vegna fundargerðar skipulagsnefndar frá 14. apríl 2008 þar sem fjallað er um skipulagsbreytingu á Merkihvoli á Landi.***

*Fulltrúar D-lista ítreka að málefni vatnsverndar hafa verið til skoðunar hjá færustu sérfræðingum landsins til nokkurs tíma og það eiga fulltrúar B-listans að vita fullvel. Því verður að undrast framlagða bókun og vandræðagang framsóknarmanna. Núverandi vatnsverndarsvæði á samþykktu aðalskipulagi byggir m.a. á niðurstöðum umræddra sérfræðinga. Það skipulagssvæði sem hér um ræðir er ekki skilgreint sem vatnsverndarsvæði á núgildandi aðalskipulagi.*

*Þorgils Torfi Jónsson, Sigurbjartur Pálsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Gísli Stefánsson.*

***Bókun B-lista vegna bókunar D-lista um lið 1.3. Merkihvoll.***

*Við gerum athugasemd við orðalag bókunar D-lista en þar kemur fram í texta... framsóknarmanna og viljum við árétta að fulltrúar eru frá B-lista framsóknar og óháðra.*

*Guðfinna Þorvaldsdóttir, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Sigfús Davíðsson.*

***Bókun B-lista vegna fundargerðar skipulagsnefndar, 14. apríl 2008., um aðalskipulagsbreytingar vegna stækkunar á sorpförgunarsvæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. Í landi Strandar ásamt iðnaðarsvæði fyrir kjúklingaeldhús í landi Strandar.***

*Við undirrituð fulltrúar viljum lýsa andstöðu okkar við fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulaginu og getum ekki fallist á að hafa á sama svæði sorpförgunarstöð og kjúklingaeldishús/matvælaframleiðslu. Við skorum á meirihluta sveitarstjórnar að taka tillit til þessa og kanna aðra möguleika í stöðunni.*

*Guðfinna Þorvaldsdóttir, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Sigfús Davíðsson*

***Bókun fulltrúa D-lista vegna bókunar B-lista vegna fundargerðar skipulagsnefndar frá 14. apríl 2008 þar sem fjallað er um aðalskipulagsbreytingar á Strönd á Rangárvöllum.***

Þ.T.J. G.Þ

*Frá því að málið kom til skoðunar hafa nokkrir staðir verið skoðaðir og eftir þá skoðun var niðurstaðan að fara þá leið sem hér er til umfjöllunar. Þessi leið er í samræmi við gildandi reglur og rekstur Sorpstöðvar og umrætt iðnaðarsvæði mun ekki rekast á. Fulltrúar D-listans hafa skoðað málið gaumgæfilega. Fyrir liggur ósk frá jarðareigendum og íbúum á Rangárvöllum um fund með sveitarstjórn. D-listinn hyggst verða við þeirri ósk íbúanna og væntir þátttöku fulltrúa B-listans á þeim fundi einnig. Dapurlegt er að fulltrúar B-listans skuli ekki hafa neitt annað til málanna að leggja á þessu stig en að "skoða málið", þó þeir ættu að hafa haft nægan tíma til að finna aðrar lausnir á málinu.*

***Bókun B-lista vegna bókunar D-lista um aðalskipulagsbreytingar á Strönd.***

*Fulltrúar B-lista taka undir mótmæli og áhyggjur sem bárust frá a.m.k. 24, aðilum sem eiga land að Strönd eða hafa hagsmuna að gæta. B-listinn er tilbúinn að taka þátt í fundi með íbúum til að finna aðra lausn á málinu sem allir geta sætt sig við..*

*Guðfinna Þorvaldsdóttir, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Sigfús Davíðsson.*

Fundargerðin er staðfest. Samþykkt með fjórum atkvæðum D- lista, þrír fulltrúar B- lista sitja hjá.

1.4. Félagsmálanefnd, 10. fundur, 6. maí 2008.
Fundargerðin er staðfest, samþykkt samhljóða.

1.5. Samráðsnefnd um starf íþrótta- og æskulýðsfulltrúa, 3. fundur, 28. apríl 2008.
Til kynningar.

***Bókun og fyrirspurn B-lista varðandi uppsagnar Íþrótta- og æskulýðsfulltrúa, sem sagði upp vegna faglegs ágreinings við sveitarstjóra og einnig er óskað svara varðandi félagsmiðstöðina á Hellu.***

*1. Við óskum eftir skýringum á því í hverju nefndur faglegur ágreiningur er fólginn*

*2. Er Íþrótta- og æskulýðsfulltrúan ekki fagaðilinn og var honum ekki falið að móta starfið?*

*3. Í hverju felst faglegt álit og vald sveitarstjóra gagnvart fulltrúanum?*

